

4. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð fimmtíu þúsund krónum — 50000.00 kr. — má útluta ár hvert árlegri aukningu sjóðsins auk vaxta.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum sem hér segir: Formaður, faðir Sigurðar Helga Sævars, Óskar Garibaldason, meðan hans nýtur við og síðan einn af afkomendum hans, tilnefndur af þeim. Meðstjórnendur skulu vera einn úr hópi stjórnar Tónskóla Siglufjarðar, valinn af henni, og einn úr hópi gefanda eða afkomenda þeirra, búsettur á Siglufirði og tilnefndur af gefendum eða afkomendum þeirra.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvenær úthlutun úr sjóðnum fer fram.

7. gr.

Sjóð þennan má aldrei veðsetja.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir með reikningum Tónskóla Siglufjarðar.

9. gr.

Reglum þessum verður aðeins breytt af meiri hluta gefenda.

Jón Hallsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarkauptún, nr. 130
12. júlí 1939, sbr. reglugerð nr. 157 6. september 1957.

1. gr.

Öll gjöld hafnarinnar, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 157 6. september 1957, hækki um 100%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1962.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.